

# ÁBENDING FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN

VIÐSKIPTI HEILBRIGÐISYFIRVALDA VIÐ HEIMILISLÆKNASTÖÐINA EHF.

30. MARS 2011

## Samningar við Heimilislæknastöðina ehf.

Árið 1997 samdi Heilsugæslan í Reykjavík við Heimilislæknastöðina ehf. um rekstur Heilsugæslunnar Lágmúla. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti tók síðan yfir ábyrgð á framkvæmd samningsins. Hann gildi til ársloka 2000 og hefur ekki verið endurnýjaður. Ríkisendurskoðun hefur allt frá árinu 2004 ítrekað bent á nauðsyn þess að það verði gert. Árið 1999 samdi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti einnig við Heimilislæknastöðina ehf. um lækni- og hjúkrunarþjónustu í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn gildi til ársloka 2004 og hefur ekki verið endurnýjaður. Heimilislæknastöðin ehf. sinnir þó áfram þeirri þjónustu sem samningarnir kveða á um.

Síðla árs 2009 færðist ábyrgð á samningunum til Sjúkratrygginga Íslands sem tóku árið 2010 út framkvæmd samningsins um Heilsugæsluna Lágmúla. Niðurstaðan var sú að þjónustan væri góð og í samræmi við samninginn. Stefnt var að því að nýr samningur tæki gildi eigi síðar en í ársbyrjun 2011. Það gekk ekki eftir. Í janúar það ár var hins vegar gert bráðabirgðasamkomulag um greiðslur til Heimilislæknastöðvarinnar ehf. í samræmi við upphaflega samninga.

## Varasjóður Heilsugæslunnar Lágmúla

Í samningi Heilsugæslunnar í Reykjavík og Heimilislæknastöðvarinnar ehf. frá 1997 kemur fram að verði afgangur af rekstri Heilsugæslunnar Lágmúla skuli helmingur hans renna til Heimilislæknastöðvarinnar ehf. Hinn hlutann skuli leggja í varasjóð sem Heimilislæknastöðin ehf. ávaxti til að mæta hugsanlegum halla á samningstímanum og uppgjöri á fjárhagslegum skuldbindingum félagsins. Í lok samningstímans sé Heimilislæknastöðinni ehf. heimilt að innleysa varasjóðinn að loknu uppgjöri. Á árunum 1997 til 2009 var alls 142,3 m.kr. afgangur af rekstri Heilsugæslunnar Lágmúla. Af þeirri fjárhæð hefði því átt að leggja 71,1 m.kr. í varasjóð til ávöxtunar.

Varasjóðurinn hefur aldrei verið tilgreindur sérstaklega í ársreikningi Heilsugæslunnar Lágmúla en í ársreikningi hennar fyrir árið 2009 er í fyrsta sinn fært „óráðstafað eigið fé“ (24,4 m.kr.). Ríkisendurskoðun hefur þó allt frá árinu 2003 ítrekað gert athugasemd við að sjóðsins sé ekki getið í ársreikningum. Ljóst er líka að eigið fé Heimilislæknastöðvarinnar ehf. nær ekki þeirri fjárhæð sem leggja átti í varasjóð enda greiddi félagið út 130,9 m.kr. í arð á árunum 2000–09. Heimilislæknastöðin ehf. telur þó að peningalegar eignir félagsins nægi til að mæta

skuldbindingum varasjóðsins. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fylgdist hvorki með því að varasjóðurinn væri tilgreindur í ársreikningum né að eign væri fyrir honum.

## Stjórnunarkostnaður

Árið 2006 hóf Heilsugæslan Lágmúla að greiða Heimilislæknastöðinni ehf. fyrir yfirstjórn stöðvarinnar. Alls námu slíkar greiðslur 30,6 m.kr. til ársins 2009. Þótt efnisleg rök kunni að vera fyrir þeim er hvergi kveðið á um þær í samningnum við Heimilislæknastöðina ehf. frá árinu 1997.

## Niðurstöður og ábendingar

Að mati Ríkisendurskoðunar er óviðunandi að ríkið hafi árum saman keypt þjónustu af Heimilislæknastöðinni ehf. án þess að samningar væru endurnýjaðir eða bráðabirgðasamkomulag gert um framkvæmd þjónustu og greiðslna (sbr. þó samkomulag í janúar 2011).

Ríkisendurskoðun telur að Heimilislæknastöðinni ehf. hafi borið að fylgja því samningsákvæði að leggja tiltekinn hluta afgang af rekstri Heilsugæslunnar Lágmúla í varasjóð, varðveita hann og tilgreina sérstaklega í ársreikningi hennar. Eins hafi ráðuneyti heilbrigðismála og síðar Sjúkratryggingum Íslands borið að sjá til þess að þetta væri gert. Heimilislæknastöðin ehf. hyggst bæta úr þessu fyrir sitt leyti.

Ríkisendurskoðun bendir á að í samningnum frá 1997 er ekki kveðið á um stjórnunarkostnað Heilsugæslunnar Lágmúla. Því verður að telja að hann sé innifalinn í föstum kostnaði þjónustunnar. Ríkisendurskoðun telur að Sjúkratryggingar Íslands þurfi að samþykkja að stjórnunarkostnaður sé færður sérstaklega til gjalda hjá Heilsugæslunni Lágmúla.

**HYGGIST HEILBRIGÐISYFIRVÖLD HALDA ÁFRAM AÐ KAUPA ÞJÓNUSTU HEIMILISLÆKNASTÖÐVARINNAR EHF. BER SJÚKRATRYGGINGUM ÍSLANDS AÐ HRAÐA GERÐ NÝS ÞJÓNUSTUSAMNINGS ÞAR UM OG TRYGGJA AÐ HONUM SÉ FYLGT.**

**VERÐI NÝR SAMNINGUR GERÐUR VIÐ HEIMILISLÆKNASTÖÐINA EHF. BER SJÚKRATRYGGINGUM ÍSLANDS FYRST AÐ GERA UPP FJÁRSKULDBINDINGAR FÉLAGSINS VEGNA SAMNINGSINS FRÁ ÁRINU 1997.**

